



Nefndasvið Alþingis
við Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27.11.2014
Tilvísun: 201411-0010

Efni: Umsögn ASÍ um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

Atvinnuveganefnd hefur kallað eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um mál 321.

ASÍ telur það jákvætt skref að fyrir liggi stefna um lagningu raflína sem höfð er að leiðarljósi við gerð kerfisáætlunar. Mikilvægt er að sátt ríki um stórar framkvæmdir við meginflutningskerfið þar sem horfa þarf til kostnaðar og þ.a.l. áhrifa á raforkuverð og samkeppnishæfni ólíkra atvinnugreina, en ekki síður til ábata sem er ekki alltaf skýr, ábata af ósnortinni náttúru fyrir komandi kynslóðir, landsmenn og ferðamenn.

ASÍ tekur undir þau sjónarmið að umhverfis- og öryggissjónarmið geti kallað á lagningu jarðstrengs umfram loftlínu. Hins vegar eru þau viðmið þröng eins og þau birtast í þingskjalinu og telur ASÍ að þörf sé á 6. viðmiðinu sem tekur á línuleið sem liggur utan friðlands eða þjóðgarðs (skv. 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd). Að óbreyttu er stefnan ekki líkleg til að skapa sátt um meginflutningskerfið og líkleg til að skapa deilur um ákvörðun þjóðgarða og friðlanda.

Einnig gerir ASÍ athugasemdir við kostnaðarviðmiðin og telur að þau kunni að vera of lág og takmarkandi, sérstaklega þegar ráðist verður í framkvæmdir í ósnortinni náttúru þar sem mikilvægt er að breið sátt ríkir.

f.h. ASÍ

Marianna Traustadóttir, sérfræðingur

Róbert Farestveit, hagfræðingur